

Mánudaginn 13. júní 1938.

Nr. 50/1938. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Johan Ole Gerhard Ellerup

(Lárus Jóhannesson).

Kæra um brot á ákvæðum um matvælaeftirlit.

Dómur hæstaréttar.

Kærða er gefið að sök að hafa haft á boðstólum í lyfjabúð sinni mulið múskat og mulinn anís, sem fullnægi ekki að efnasamsetningu skilyrðum reglugerðar nr. 129/1936, um krydd og kryddvörur. Kærði telur, að aðferðinni við töku sýnishorna af kryddvörum þessum hafi verið ábótavant, og véfengir hann af þeirri ástæðu niðurstöðu efnarannsóknar matvælaeftirlits ríkisins. Af prófum málsins má sjá, að þegar sýnishornin eru tekin á Seyðisfirði 24. júlí f. á., eru þau afhent í venjulegum pappírspokum, og ekki eru þau þá jafnframt innsiglið, eins og vera bar um sýnishorn, sem ætluð voru til rannsóknar. Tvöföld sýnishorn voru ekki tekin, sem hér virðist þó hafa verið unnt að koma við, og mátti þá geyma annað sýnishornið til afnota og frekari rannsóknar í refsímáli, ef til kæmi, og fyrri rannsókn væri véfengd af einhverjum ástæðum. Um geymslu og meðferð sýnishornanna eftir að þau voru tekin og þar til að matvælaeftirlit ríkisins tilkynnir, að rannsókn sé lokið, þann 24. september f. á., er ekki upplýst. Samkvæmt lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, getur brot gegn ákvæðum fyrrnefndrar reglugerðar nr. 129/1936 varðað refsingu og upptöku vörubirgða, og ítrekað

brot eða mikilvægt ennfremur sviptingu atvinnuleyfis um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Þess verður því að krefjast, að ýrtruðu nákvæmni sé gætt í sambandi við rannsókn vörunnar, sem slík niðurstaða á að byggjast á, en fram fer áður en réttarpróf hefjast, og að eiganda vörunnar sé gefinn kostur á að staðreyna eftir því, sem föng eru á, hvort kæran á hendur honum, sem byggð er á slíkri rannsókn, hafi við rök að styðjast. Í máli því, sem hér liggur fyrir, verður ekki talið, að taka sýnishornanna og meðferð þeirra hafi farið fram á nægilega tryggn hátt, og getur því niðurstaða rannsóknarinnar ekki orðið grundvöllur að áfellisdomi í refsímáli, og þarf þá ekki að athuga aðrar framkomnar sýknuástæður. Ber því að sýkna kærða af kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum málalokum ber að dæma rikissjóð til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Johan Ole Gerhard Ellerup, á að vera sýkn af kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu. Sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr rikissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Lárusar Jóhannessonar, 60 krónur til hvors.

Dómur lögregluréttar Seyðisfjarðarkaupstaðar 22. marz 1938.

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Johan Ole Gerhard Ellerup fyrir brot á reglugerð nr. 129 frá 1936 og lögum nr. 24 frá 1936.

Tildrög þessa máls eru þau, að samkvæmt ósk matvælaeftirlits ríkisins voru hinn 24. júní 1937 tekin nokkur kryddvörusýnishorn í lyfjabúð ákærða (sic) hér á Seyðisfirði, þar á meðal sýnishorn af múskað og anis. Sýnishornin voru því næst send matvælaeftirliti ríkisins, sem rannsakaði þau og sendi að rannsókn lokinni skýrslu um rannsóknirnar, sjá prófgerðir rskj. nr. 2 og 4. Samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 27. jan. 1938, er síðan mál þetta höfðað gegn ákærða fyrir brot á framangreindri reglugerð og lögum, og málið þingfest í lög-reglurétti 8. marz s. l.

Ákærði hefir gert þá kröfu, að hinn reglulegi dómari, Hjálmar Vilhjálmsson, viki sæti í málinu. Kröfu þessa byggir ákærður á því, að téður dómari hafi tekið sýnishornin í einföldum bréfpokum, ekki skilið eftir „kontraprufu“ og heldur ekki innsiglað sýnishornin í viðurvist kærða. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 frá 1936 fól dóms- og kirkjumálaráðuneytið dr. Jóni E. Vestdal með bréfi, dags. 9. okt. 1936, að hafa á hendi stjórn og umsjón matvælaeftirlitsins samkvæmt téðum lögum. Sýnishorn þau, sem hér um ræðir, eru tekin samkvæmt ósk matvælaeftirlits ríkisins í bréfi, dags. 26. júní 1937, sjá prófgerðir rskj. nr. 8, og við töku sýnishornanna var nákvæmlega fylgt fyrirmælum matvælaeftirlits ríkisins til bæjarfógetans á Seyðisfirði í bréfi, dags. 25. nóv. 1936, svo sem sjá má af afritum af skýrslum um töku téðra sýnishorna, sjá prófgerðir rskj. nr. 6 og 7. Og þar sem afskipti hins reglulega dómara af töku sýnishornanna eru eigi önnur en þau, sem lög og opinber fyrirmæli gera ráð fyrir, og í engu frábrugðin venjulegri lögreglurannsókn, virðist krafa ákærða um það, að hinn reglulegi dómari, Hjálmar Vilhjálmsson, viki sæti í málinu, á engan hátt rökstudd með ástæðum þeim, sem hann færir fram samkvæmt framanrituðu, og þar sem engar ástæður aðrar eru til þessa, verður krafa þessi eigi tekin til greina.

Í máli þessu ber að leggja til grundvallar niðurstöður af rannsókn matvælaeftirlits ríkisins, sjá prófgerðir rskj. nr. 2

og 4. Af þeim skýrslum má ráða það, að umbúnaður téðra sýnishorna hefir verið talinn nægilega tryggur til þess að byggja rannsókn á þeim. Og í sambandi við þetta atriði í vörn málsins má benda á það, að óhugsandi virðist, enda þótt umbúðir væru ekki loftþéttar, að í mús-katsýnishorninu fýndist hannað efni, bombay macis, ef það hefði ekki verið fyrir hendi við töku sýnishornsins. Sú mótbára, að ekki sé trygging fyrir því, að önnur efnahlutföll hafi ekki raskast þá ca. 2 mánuði, sem liða frá töku sýnishorna til rannsóknar-arluka, virðist heldur ekki geta komið til álita, þegar þess er gætt, hve miklu munar. Þannig inniheldur mús-katsýnishornið 17,7% af tréni, en má innihalda mest 10%, 59% eturextrakt, en má innihalda mest 30%, og auk þess er í þessu sýnishorni Bombay macis, sbr. áðurritað, sem bannað er algerlega. Sama máli gegnir um anissýnishornið. Þar finnast 16.63% aska, má mest vera 9%, sandur 5.38%, má mest vera 1.5%. Að því er lágmark ilmoliu snertir, sem á að vera minnst 2%, en reyndist 1.97%, má ef til vill segja, að uppgufun sé hugsanleg, en burtséð frá þessu, fullnægir anisinn ekki settum skilyrðum í rg. 129 frá 1936 1. gr. 17 tl. Sá hugsanlegi möguleiki fyrir misgripum, sem ákærður hefir talað um, er ástæðulaus og hefir ekki við nein rök að styðjast, og kemur því ekki til frekari álita.

Samkvæmt þessu hefir ákærður með því að hafa á boðstólum í lyfjabúð sinni mús-kat það og anis, sem að framan er lýst, brotið reglugerð nr. 129 frá 1936 5. gr. 13. tl. og 6. gr. 1 tl., sbr. við 22. tl. og 17. tl. 1. gr., sbr. og 5. gr. laga nr. 24 frá 1936, og verður refsing hans ákveðin samkvæmt 9. gr. téðrar reglugerðar, sbr. 11. gr. laga nr. 24 frá 1936.

Refsing sú, sem ákærður, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, hefir til unnið, þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin kr. 100.00 sekt til rikissjóðs. Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 10 daga.

Þá ber og samkvæmt 11. gr. laga nr. 24 frá 1936 3. mgr. að dæma ákærðan til þess að greiða kostnað við rannsókn sýnishorna samkvæmt réttarskjölum í prófgerðum nr. 3 og 5, alls kr. 165.00.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar, sem orðinn er og verður.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Johan Ole Gerhard Ellerup, greiði 100.00 króna sekt til rikissjóðs. Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 10 daga.

Þá greiði kærður og kostnað við rannsókn sýnis-horna, kr. 165.00.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. júní 1938.

Nr. 149/1938. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

David William Collinson

(Lárus Fjaldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins hefir fyrrverandi forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík markað á sjúkort stað dufls þess, er sett var niður, þar sem togarinn „Nab Wyke“ H 252 var tekinn þann 9. júlí 1936, og ber niðurstöðum hans og varðskipsforingjans saman um það, að staður togarans hafi þá verið 0.55 sjómíliur innan landhelgílinunnar. Staðarákvörðunin var gerð af varðskipsforingjanum og tveimur stýrimönnum hans, og hafa þeir borið það, að þegar mælingin var gerð, hafi allir þeir staðir sézt greinilega, er til var miðað. Þar sem ekkert hefir komið fram, sem hnekkt geti framangreindri staðarákvörðun, þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að sektin verði, með tilliti til dagsgengis